

galli hefur verið greindur. Mér sýnist það blasa við að hvorki sjálfræðishyggja né forræðishyggja um fóstureyðingar geti gert viðunandi grein fyrir því hvernig rétt er að taka á slíkum vanda. Sjálfræðishyggjan er óverjandi á siðferðilegum forsendum því hún skeytir ekkert um rök fyrir því að viðkomandi fóstur geti orðið að einstaklingi sem gæti notið lífsgæða. Allir erfðagallar eru lagðir að jöfnu og siðferðileg dómgreind kemur málinu ekkert við. Forræðishyggjan er óverjandi bæði á siðferðilegum og pólitískum forsendum. Hún er óverjandi á pólitískum forsendum vegna þess að í raun krefst hún þess að fósturrannsóknir og/eða umræður um niðurstöður þeirra yrðu bannaðar. Hún er óverjandi á siðferðilegum forsendum vegna þess að hún fyrirskipar foreldrum að ganga í gegnum óbærilega lífsreynslu og heimtar að öllu lífi sé viðhaldið vegna reglunnar um helgi lífsins. Hún neitar þeim möguleika að fólk geti sjálft komist að skynsamlegri, siðferðilegri niðurstöðu í svona máli og ákveður því fyrir það. Út frá þessum tveimur kostum, eða afarkostum öllu heldur, er því annaðhvort allt leyfilegt eða allt bannað.

Ég vel þriðja kostinn vegna þess að ég tel jafnfráleitt að banna fósturrannsóknir og að eyða öllum fósturum sem eru með erfðagalla. Hið eina sem hægt er að reida sig á í þessu máli er siðferðileg dómgreind fólksins sjálfs þegar til kastanna kemur: að hægt sé að leiða málið þannig til lykta að það sé verjandi á siðferðilegum forsendum. Það verður hvorki gert með ábyrgðarlausri ákvörðun né skipun að ofan, heldur einungis í opinskáum, óþvinguðum og einlægum samræðum allra hlutaðeigandi aðila. Þessar umræður verða að lúta í senn siðfræðilegum rökum um mannleg verðmæti og læknisfræðilegum rökum um líkur á mannsæmandi lífi. Aðalatriðið er að slíkar samræður snúist um það hvort það líf sem í vændum er yrði viðkomandi sjálfum einhvers virði. Sé það ekki gert, breiðist sá hugsunarháttur út, að öll frávik frá því sem almennt er talið „normal“ réttlæti fóstureyðingar. Þetta hefur vissulega gerst og upplýsingar um að fóstur sé með erfðagalla virðast sjálfkrafa setja þrýsting á fólk að láta eyða fósturi. Þetta er skiljanlegt vegna þess að það hlýtur að vera áfall að fá slíka vitneskju, en þetta er samt sem áður hættuleg þróun sem mikilvægt er að sporna við.

Tökum dæmi: Áður fyrr dóu sykursjúkir, en framfarir í læknávisindum gera þeim nú kleift að lifa nær eðlilegu lífi. Nú má hugsa sér að ný tækni í læknávisindum geri það mögulegt að greina sykursýkissjúklinga á fósturstigi og þá væri hægt að útrýma sykursýki með fóstureyðingum. Það er bersýnilega fráleitt að telja að slíkum börnum væri það sjálfum fyrir bestu að fæðast ekki. Ennþá fráleitar væri þó að ætla að slíkar hreinsanir ykju á gæði lífsins. Forsenda þess að auka á eiginleg lífsgæði er að efla virðinguna fyrir lífinu í öllum þeim myndum þar sem nokkur von er til að þess verði notið, stuðla að gagnkvæmum skilningi manna á milli. Það þarf öðru fremur að uppræta þann skammssýna hugsunarhátt að þeir einir séu gjaldgengir í mannlegu samfélagi sem eru „eins og fólk er flest“, svo notað sé orðtak úr daglegu máli sem varpar hvað bestu ljósi á rótgróna fordóma. Guð forði okkur frá því að sá fordómur verði hinn endanlegi úrskurður um það hverjir fá að fæðast í þennan heim.

Heimildir:

¹ Þorsteinn Gylfason hefur skrifað mjög góða grein um líknardráp sem birtist í *Morgunblaðinu* fyrir nokkrum árum. Almenna umræðu um siðfræði heilbrigðisstétta er að finna í nokkrum greinum Páls Skúlasonar í *Þælingum* (Reykjavík: Eros, 1987).

² Sjá um þetta efni, Ronald Yezzi, *Medical Ethics*

³ Sjá t.d. bókina *Hugsjónir og hindurviti* eftir Burrows Dunham, Bjarni Einarsson þýddi. Reykjavík: Mál og menning 1950.

⁴ Sbr. upphafsorð *Brekkukotsannáls*: „Vitur maður hefur sagt að næst því að missa móður sína sé fátt hollara úngum börnum en missa föður sinn.“

⁵ Sjá um þessi atriði greinar LeRoy Walters, „Ethical Perspectives on Maternal Serum Alpha-Fetoprotein Screening“ og Ruth R. Faden, „Public Policy Implications of Prenatal Diagnosis“ hjá Tom L. Beauchamp og LeRoy Walters, *Contemporary Issues in Bioethics* 2nd ed., bls. 486–494.

⁶ Það er að vísu verulega umdeilt í hvaða skilningi fóstur sé mannleg vera og hvort fóstureyðing sé sambærileg við manndráp. Í þessari grein leiði ég þessa mikilvægu spurninguna hjá mér, en geng einfaldlega út frá því að fósturið sé verðandi einstaklingur. Sjá um þetta efni t.d. grein Hjördisar Hákonardóttur, „Eru fóstureyðingar réttlætlanlegar?“ *Timarit lögfræðinga* (23. árg., 1978), bls. 18–30, og grein Auðólfssonar Gunnarssonar, „Dæmið ekki...“, *Morgunblaðið*, 4. september 1986.

Höfundur kennir heimspeki við Háskóla Íslands.



Mig langaði að vekja áhuga unglunga á Íslendingasögunum

- segir Guðlaug Richter, höfundur bókarinnar **Sonur Sigurðar**

GRANNAVAXINN brúnhærður drengur skáskaut sér út um bæjardyrnar á Grund. Hann lét hurðina falla hljóðlega að stöfum og skimaði út eftir húsalengjunni. Hvergi var mann að sjá enda enn ekki kominn fótaferðatími.

Fyrir framan hann breiddi bæjartúnið úr sér. Það var stórt og umgirt vel hlöðnum túngarði. Þvert yfir túnið rann lítil bæjarlækur. Sums staðar var hann svo mjór að hann hvarf undir grasvaxinn bakkann, annars staðar breiddi hann úr sér og þar voru víða skjólsælir hvammar.

Drengurinn stóð í aðaldrum bæjarins sem voru nærri enda langveggjar skálans. Við hinn enda skálaveggjarins tók við annar nýrri sem var stofuveggur. Á bakhlíð skálans voru tvær viðbyggingar tengdar við hann með göngum. Önnur byggingin var búr, en hin sem var miklu fjær skálanum var fjós. Lítil bygging stóð beint á móti dyrunum skammt frá skálanum. Það var smíðjan.

Ekkert hljóð rauf morgunkyrrðina. Það var blankalogn, jörðin regnvot og himinninn grár. Hann gekk hikandi meðfram skálanum og stofunni og horfði upp á ásinn vestan við bæjartúnið. Þar risu hjallar, einn af öðrum, hærra og hærra í átt til heidarinnar. Hann stansaði við bæjarhornið, beit á vörina og starði á fossinn sem steyptist fram af efsta hjallanum.

Skyndilega heyrðist hljóð innan úr bænum, lokrekkjan opnaðist með ískri og það hringlaði í lykklappu húsfreyjunnar.

Þá hljóp hann af stað...

...Áfram, áfram, hlaupa yfir stokka og steina, móa og kjarr, fótvisst og leikandi létt eins og...? Eins og hestarnir sem hlupu í hlaðið á Grund daginn sem allt breyttist.

Hann hafði komið auga á þá löngu áður en þeir komu að túngarðinum. Þeir höfðu verið fimm saman á þeysireið. Eins og venjulega þgar gesti bar að garði varð hann eftirvæntingarfullur, en í þetta sinn var spennan kvíðablandin. Það var eitthvað, eitthvað óskýran-

legt í fari manna sem vakti ugg. Hann gekk heim að bænum og þar stóðu Ásdís húsfreyja og Þorsteinn sonur hennar úti á hlaði ásamt mörgu öðru heimilisfólki að fagna gestunum.

Mennirnir stigu af baki, alvarlegir í bragði og heilsuðu. Þeir fluttu sorgartíðindi, Sigurður mjögsiglandi, húsbóndinn á Grund, hafði fallið í bardaga á Írlandi.

Grjótgarður stóð þarna hjá móður sinni og Sunnu og Brúsa. Þau litu óttaslegin hvert á annað og Grjótgarður vissi að öllum hefði þeim flogið í hug hvort dauði Sigurðar myndi hafa áhrif á þeirra framtíð. En hann beindi fljótt athygli sinni að Þorsteini. Augu hans drógust alltaf að Þorsteini þegar hann var nærri. Þeir áttu þó fátt sameig-

hans gæti viljað honum en ekki Brúsa og Sunnu.

Hún gekk á undan honum yfir túni og stefndi í áttina að hvammi við bæjarlækinn. Þar settust þau í skjóli frá bænum. Hún tók aðra hönd hans í báðar sínar og hóf að segja honum, hikandi í fyrstu, frá öllu því sem á daga hennar hafði drifið.

Þeir ólust upp á sama bæ, Þorsteinn og Grjótgarður, samt var órægtur á milli þeirra. Annar var fæddur höfðingi, ætlaði að sigla til útlanda og ganga fyrir konunga. Hinn var sonur ambáttar og kunnur fátt annað en hlaupa hratt. Öriögin haga því svö til að þeir flæmast saman í útleið undan blóðþyrstum hefndarmönnum. Og þá verður tvísýnt hvor þeirra er meiri hetja. Þetta er meginsögubrúðurinn í nýút-kominni íslenski skáldsögu sem ber heitið **Sonur Sigurðar** og er eftir Guðlaugu Richter. Sagan

ad allt mjög sterkt, tilfinningalega, þegar ég var unglungur og þurfa ekki að bæla tilfinningalega svörum og ég býst við að svo sé enn. Ég held að unglungar hafi alltaf verið svoleiðis.“

Nú er þetta bók um hetjuskap. Eru einhverjar hetjur til í dag þannig að bókin eigi erindi

„Ég held að til séu hetjur í dag, þær eru bara á öðrum sviðum. Það eru hetjur í bókum og bíómyndum, þótt þær séu ekki í kringum okkur á sama hátt og í fornsögunum.“

Þú segist upphaflega hafa viljað vekja áhuga á Íslendingasögum með þessari unglungabók. Eru þær ekki lesnar í grunnskólum

„Í sjöunda bekk eru kaflar úr Njálu og Gíslasögu lesnar, en ekki heilar sögur. Það sama er að segja um 8. bekk. Það er kannski skiljanlegt. Reyndar var ég orðin dálítið gömul þegar ég byrjaði að lesa þessar sögur og ég held að ekki sé sama á hvaða sögum maður byrjar. Ég byrjaði á Njálu sem er mjög þung. Hinsvegar held ég að Gíslasaga, Laxdæla og Grettissaga séu miklu léttari og vel fallnar til kennslu.“

En er eitthvað nauðsynlegt að við kunnum öll skil á fornsögunum?

„Í ljósi þess að þetta er okkar mesti menningararfur og eitt framlag til heimsmenningarinnar finnst mér það alveg sjálfsagt og miklu sjálfsagðara en að allir séu lærðir í amerískum bíómyndum.“


Þú hefur líka nýlengið við að þýða unglungasöguna „Ferð Eiríks til Ásgarðs“, eftir Lars Henrik Olsen, sögu um nútímastrák sem ferðast til hinna fornu goðaheima. Finnst þér goðsögurnar líka vera hluti af menningararfi okkar Íslendinga?

„Þær eru ekki eingöngu okkar arfleifð, heldur samgermanskur arfur, þótt við höfum varðveitt þær betur en aðrir. Ég býst við að hún sé líka skrifuð til að fræða unglunga um þessa arfleifð, því í henni eru goðsögurnar teknar beint upp.“

En ert þú að eindursegja einhverja sérstaka sögu í þinni bók, Syni Sigurðar?

„Ég nota allar sögurnar og þjóðsögur og sagnfræði. En ég nota enga eina sögu sérstaklega úr Íslendingasögunum, heldur styðst ég við minni sem í þeim eru, þótt ég láti ekki stórnast af þeim.“

Súsanna Svavarsdóttir



Guðlaug Richter

inlegt annað en hafa fæðst á sama bæ með eins árs millibili...

...Fólkið stóð þögult á hlaðinu. Það var eins og tímenn stæði kyrr um stund. loks benti Þorsteinn gestunum á að ganga inn og þá komst hreyfing á fólkið. Grjótgarður stóð í sömu sporum og horfði á eftir því, niðursokkinn í hugsanir sínar. Þær voru rofnar þegar hönd var lögð á öxl hans og Heiður, móðir hans, benti honum að koma með sér. Hann sá á eftir Brúsa og Sunnu inn í smíðjuna og hann velti eitt andartak fyrir sér hvað móðir

fjallar um líf unglunga á þjóðveldisöld, tíma þar sem rætur menningar okkar liggja, þótt fjarlægðin við hana sé mörg hundruð ár. En hvers vegna kaus höfundurinn að staðsetja sögu sína í þessum tíma?

„Mér finnst sjálfri hann vera svo skemmtilegur,“ svarar Guðlaug. Upphaflega hugsaði ég þetta til að vekja áhuga unglunga á Íslendingasögunum. Svo þegar ég var komin frá þessari upphaflegu ákvörðun, einbeitti ég mér að því að draga fram þá þætti sem eru alltaf í gildi, skapa sterkar persónur og hafa þetta dálítið örlagaþrungnið.

Ég minnst þess að hafa upplif-